

12.fundur í hreppsnefnd Árneshrepps haldinn fimmtudaginn 13.desember 2018 kl. 14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Björn Torfason Melum 1, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík og Magnús Karl Pétursson Djúpavík í fjarveru A.B.

Dagskrá fundarins:

1. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2019 – 2022, seinni umræða.
2. Samþykkt um stjórn Árneshrepps, seinni umræða.
3. Erindi frá byggingarfulltrúa þar sem óskað er eftir samþykkt varðandi breytingar á aðalskipulagi á Dröngum.
4. Bréf um lögsókn á hendur Árneshreppi til ógildingar sveitarstjórnarkosningum 26.maí 2018, lagt fram til kynningar.
5. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða lagt fram til kynningar og ný gjaldskrá fyrir árið 2019 lögð fram til samþykktar.
6. Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti varðandi úthlutun byggðakvóta, lagt fram til kynningar.
7. Bréf frá Þjóðskrá varðandi landfræðileg upplýsingagögn sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar og umræðu.

Í upphafi fundar óskaði oddviti eftir samþykki fyrir því að leggja fram tvo nýja liði sem eru bréf frá Stofnun Árna Magnússon í íslenskum fræðum og svarbréf frá Höllu Signýju Kristjánsdóttur sem situr í samgöngunefnd Alþingis.

1. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2019- 2022. Lögð er fram til seinni umræðu tillaga að fjárhagsáætlun Árneshrepps fyrir árið 2019 ásamt fjárhagsáætlun fyrir árin 2020-2022. Oddviti kynnti tillöguna og þær breytingar sem gerðar hafa verið á henni frá fyrri umræðu. Tekjur A og B hluta er 56,3 milljónir króna. Rekstrargjöld A og B hluta án fjármagnsliða 44,5 millj.króna. Fjármagnsliðir A og B hluta er kr. 977 þús kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta 12,8 millj. króna.

Lögð var fram tillaga að álangingu fasteignaskatts í Árneshreppi 2019 verði:

0,625% af fasteignamati skv. a-lið 3.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

1,32% af fasteignamati skv. b-lið 3.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

1,65% af fasteignamati skv. c-lið 3.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Tillagan var samþykkt samhljóða. Hreppsnefnd samþykkir að álagning útsvars í Árneshreppi á árinu 2019 verði 14,52% af tekjum.

Fjárhagsáætlunin í heild var samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd ákvað ennfremur niðurfærslu viðskiptakrafna með eftirfarandi hætti. Óinnheimtar skuldir frá árinu 2013 og eldri, samtals að upphæð kr. 666.160,-, verða felldar niður. Útistandandi ógreiddar skuldir við sveitarfélagið eftir það eru kr. 882.625,- .

2. Samþykkt um stjórn Árneshrepps. Farið var yfir tillögur að breytingum sem komu frá ráðuneytinu og þær allar teknar til greina. Breytingar voru gerðar á 8.gr. í kafla III, 17.gr. einnig í III kafla og 48.gr. í VIII.kafla. Samþykktirnar verða svo í heild sinni settar inn á heimasíðu Árneshrepps eftir að það hafa verið samþykktar af ráðuneytinu.

3. Erindi frá byggingarfulltrúa varðandi breytingar á aðalskipulagi á Dröngum. Farið var yfir yfir málsskjöl og hreppsnefnd gerði eftirfarandi samþykkt;

Hreppsnefnd telur að um sé að ræða óverulegar breytingu á aðalskipulagi, sem hefur ekki verulegar breytingar á landnotkun í för með sér og hefur ekki áhrif á stórt svæði, né hafi mikil áhrif á einstaka aðila.

Eftir afgreiðslu eru uppdrættir og greinargerð stimpluð og send til afgreiðslu til Skiplagsstofnunar og til varðveislu.

4. Bréf um lögsókn á hendur Árneshreppi til ógildingar sveitarstjórnarkosningum 26.maí 2018. Málið var þingfest á Ísafirði 5.desember s.l., en verður rekið í Reykjavík.

5. Bréf frá Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða lagt fram til kynningar. Ný gjaldskrá lögð fram og samþykkt.

6. Bréf frá Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti varðandi úthlutun á byggðakvóta lagt fram til kynningar. Samkvæmt bréfi dags.í gær 12.des.verður úthlutun byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2018 – 2019 23 þorskígildistonn.

7. Bréf frá Þjóðskrá varðandi landfræðileg upplýsingagögn sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar og umræðu. Oddviti mun hafa samband við Þjóðskrá vegna þessa máls.

8. Bréf frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum varðandi könnun um nöfn á nýbýlum og breytingar á nöfnum býla. Ekki er um að ræða nein slík býli í Árneshreppi og mun oddviti senda upplýsingar um það til stofnunarinnar.

9. Bréf frá Höllu Signýju Kristjánsdóttur lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:50

